

Sp.

31. Tillaga til þingsályktunar

um afnám vínveitinga á kostnað ríkisins.

Flm.: Skúli Guðmundsson, Pétur Ottesen, Sigfús Sigurhjártarson,
Hannibal Valdimarsson, Halldór Ásgrímsson, Páll Þorsteinsson.

Alþingi ályktar, að áfengir drykkir skuli ekki veittir á kostnað ríkisins eða ríkisstofnana.

Greinargerð.

Tillaga um þetta efni var fram borin á síðasta þingi, og var henni vísað til þingnefndar, en nefndarálit kom ekki. Málið er því flutt hér í annað sinn, og vísast til greinargerðar, er fylgdi nefndri tillögu á Alþingi 1946 (þingskjal 119).